

Bláa Lónið hf.

Ársreikningur samstæðunnar
2020

Bláa Lónið hf.
Norðurljósavegi 9
241 Grindavík

kt. 490792-2369

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12
Óendurskoðuð fylgiskjöl	
Stjórnarháttaryfirlýsing	20
Ófjárhagslegar upplýsingar	21

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2020 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Dótturfélög Bláa Lónsins eru fimm, Bláa Lónið heilsuvörur ehf., Blue Lagoon Journeys ehf., Eldvörp ehf., Íslenskar Heilsulindir ehf. og Vænting ehf.

Tap af rekstri samstæðunnar á árinu 2020 nam EUR 20.667 þús. samkvæmt rekstrarreikningi. EBITDA rekstrarársins var neikvæð um EUR 12.583 þús. Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í árslok EUR 57.173 þús. eða 40% af heildarféðmagninu (2019: 43%). Meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu á árinu voru 431 talsins þrátt fyrir að starfsstöðvar félagsins væru lokaðar í 6 mánuði. Í lok rekstrarárs störfuðu 160 starfsmenn í 128 stöðugildum, 82 konur og 78 karlar, hjá félaginu.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn Bláa Lónsins hefur sett sér starfsreglur og leitast þar við að fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í febrúar 2021. Í stjórn Bláa Lónsins hf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið skilyrði laga um kynjahlutföll stjórnar félagsins. Félagið birtir stjórnarháttaryfirlýsingu sem hluta af ársreikningi félagsins.

COVID-19 áhrif á rekstur ársins

COVID-19 hafði gríðarleg áhrif á rekstur Bláa Lónsins hf. á árinu 2020 eins og á önnur ferðaþjónustufyrirtæki. Gestum fækkaði um 76% milli árunna 2019 og 2020 og tekjur félagsins drógust saman um 87% milli ára á tímabilinu mars-desember. Áður en aðgerðir stjórnvalda um ferðatakmarkanir tóku gildi í marsmánuði þá stóðst rekstur félagsins í janúar og febrúar áætlun ársins og voru því stjórnendur bjartsýnir á rekstur ársins.

Í kjölfar reglna yfirvalda um ferðatakmarkanir milli landa og samkomubann var félaginu gert að loka starfsstöðvum sínum í Svartsengi þann 23. mars og brugðust stjórnendur við með verulegu aðhaldi í rekstri. Í lok mars var 164 starfsmönnum sagt upp störfum og í lok maí var 402 starfsmönnum til viðbótar sagt upp störfum. Aðgerðir stjórnvalda til stuðnings fyrirtækjum í COVID-19 gerðu félaginu þó kleift að halda ráðningarsambandi við stóran hluta starfsmanna og þannig gera fyrirtækinu kleift að endurráða 237 starfsmenn tímabundið að nýju í lok ágúst en þá hafði aukist bjartsýni um að faraldurinn væri í rénun. Því miður var ekki hægt að veita stærstum hluta þessa hóps áframhaldandi endurráðningu í lok október þar sem faraldurinn hafði tekið sig upp að nýju. Þann 19. júní reyndist unnt að opna starfsstöðvar félagsins í Svartsengi að nýju eftir 3 mánaða lokun og var aðsókn Íslendinga að upplifunarsvæði Bláa Lónsins töluverð í sumar. Þegar faraldurinn tók sig upp að nýju á haustmánuðum var starfsstöðvum félagsins í Svartsengi lokað aftur frá 8. október. Starfsstöðvar félagsins voru því samtals lokaðar í sex mánuði á árinu 2020.

Töluverðar jarðhræringar urðu í janúar 2020 í kringum fjallið Þorbjörn í nágrenni Bláa Lónsins sem gengu niður skömmu síðar án áhrifa á starfsemi félagsins. Miklar jarðhræringar hófust að nýju nú í febrúar síðastliðnum austan Fagradalsfjalls á Reykjanesi og er talin hætta á áframhaldandi skjálftavirkni og jafnvel eldsumbrotum í nágrenni Keilis. Að mati vísindamanna nú er ekki talið að hætta stafi að byggð á Reykjanesi eða starfsemi Bláa Lónsins vegna þessa. Að öðru leyti eru aðrar helstu ógnanir sem stöðja að íslenskri ferðaþjónustu, auk áhrifa af COVID-19, innlendar náttúruhamfarir, hryðjuverk eða aðrir slíkir atburðir.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.

Það er mat stjórnar að félagið sé vel í stakk búið að takast á við það óvissutímabil sem enn er framundan. Hóflegar væntingar eru um að umfangsmiklar bólusetningar á alþjóðavísu gegn veirunni verði til þess að faraldurinn gangi niður í lok annars ársfjórðungs 2021 og ferðapjónusta á Íslandi taki við sér að nýju á síðari hluta ársins. Sjóðsstaða félagsins er sterk í lok reikningsárs og gefur félaginu svigrúm til að takast á við áframhaldandi óvissu.

Hluthafar

Hlutfé félagsins er ISK 880,5 millj. og er bókfært virði þess EUR 5.259 þús. Fjöldi hluthafa í lok ársins er 50 líkt og í upphafi árs. Eftirfarandi eru tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok:

Hvatning slhf.	39,6%
Blávarmi slhf.	30,0%
Keila ehf.	11,1%
Hofgarðar ehf.	6,2%
Saffron Holding ehf.	6,2%
Bogmaðurinn ehf.	2,4%
M4 ehf.	1,1%
Bent Frisbæk	0,6%
Anna G. Sverrisdóttir	0,5%
Framtíðarsjóðurinn hf.	0,4%

Stjórn félagsins mun ekki leggja til arðgreiðslu vegna ársins 2020.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Bláa Lónið hefur allt frá stofnun lagt áherslu á samfélagsábyrgð og hefur nálgun Bláa Lónsins að málaflokknum þróast í takt við þróun fyrirtækisins og samfélagsins. Stefna Bláa Lónsins í samfélagsábyrgð leggur áherslu á að náttúran er ekki óþrjótandi auðlind og við stuðlum að sjálfbærni á sem flestum sviðum, í samvinnu og sátt við samfélagið. Meginverkefni eru umhverfis- og gæðamál, sjálfbærni og ábyrg viðskipti, vinnuvernd og öryggismál. Í samræmi við ákvæði ársreikningalaga birtir félagið sérstakan kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem er hluti af ársreikningi félagsins. Félagið hefur útbúið sérstaka samfélagsskýrslu um þróun samfélagsábyrgðar hjá Bláa Lóninu og má nálgast hana á heimasíðu félagsins, www.bluelagoon.com.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins er í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogur, 5. mars 2021

Í stjórn félagsins:

Helgi Magnússon
seðla.

Steinur Helgason
Egslun

Forstjóri:
Purður Einarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Bláa Lónsins hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Bláa Lónsins hf. („samstæðan“) fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2020 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 5. mars 2021

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur	4	32.838.172	124.850.917
Rekstrargjöld			
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu		5.171.017	17.611.049
Laun og launatengd gjöld	5	26.837.520	51.873.144
Annar rekstrarkostnaður		13.412.499	21.072.898
		<u>45.421.036</u>	<u>90.557.091</u>
(Tap) hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)		(12.582.864)	34.293.826
Afskriftir	7	(6.448.423)	(5.969.095)
Rekstrar(tap) hagnaður		(19.031.287)	28.324.731
Vaxtatekjur		167.680	326.638
Vaxtagjöld		(2.224.051)	(1.730.643)
Aðrir fjármagnsliðir		(1.198.915)	326.920
Gengismunur	3b	(2.803.198)	135.735
Hreinn fjármagnskostnaður		(6.058.484)	(941.350)
Áhrif hlutdeildarféлага	9	(232.012)	282.177
(Tap)hagnaður fyrir tekjuskatt		(25.321.783)	27.665.558
Tekjuskattur	16	4.654.766	(5.761.865)
(Tap) hagnaður ársins		<u>(20.667.017)</u>	<u>21.903.693</u>
Skipting (taps) hagnaðar:			
Hluthafar móðurfélags		(20.457.796)	21.946.477
Hluthafar minnihluta		(209.221)	(42.784)
		<u>(20.667.017)</u>	<u>21.903.693</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Óefnislegar eignir	3e	912.750	0
Rekstrarfjármunir	7	106.486.913	109.921.927
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum	9	4.259.626	6.675.991
Langtímakrafa	10	432.709	489.789
Kröfur á tengda aðila	19	485.674	842.390
Skatteign	16	749.509	1.729
Fastafjármunir		113.327.181	117.931.826
Birgðir	11	4.987.998	5.099.265
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	12	1.722.204	3.705.939
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði	13	6.421.362	31.147.681
Handbært fé	3h	15.688.220	25.602.754
Veltufjármunir		28.819.784	65.555.639
Eignir samtals		142.146.965	183.487.465
Eigið fé			
Hlutfé	14	5.258.600	5.258.600
Yfirverðsreikningur		11.944.335	11.944.335
Bundið eigið fé	15	920.326	3.419.841
Óráðstafað eigið fé		35.302.772	55.397.520
Eigið fé hluthafa móðurfélags		53.426.033	76.020.296
Hlutdeild minnihluta		3.747.319	3.527.207
Eigið fé		57.173.352	79.547.503
Skuldir			
Langtímaskuldir	17	75.417.263	75.311.697
Tekjuskattsskuldbinding	16	0	3.919.980
Langtímaskuldir		75.417.263	79.231.677
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	18	4.931.302	14.005.644
Tekjuskattur til greiðslu	16	24.850	5.780.078
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	4.600.198	4.922.563
Skammtímaskuldir		9.556.350	24.708.285
Skuldir samtals		84.973.613	103.939.962
Eigið fé og skuldir samtals		142.146.965	183.487.465

Eiginfjáryfirlit árið 2020

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé*	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
Árið 2019						
Eigið fé 1.1.2019	5.258.600	11.944.335	3.259.752	63.789.233	3.557.573	87.809.493
Kaup minnihluta					80.076	80.076
Greiddur arður				(30.000.000)		(30.000.000)
Hagnaður ársins				21.946.477	(42.784)	21.903.693
Þýðingarmunur ársins			(178.101)		(67.658)	(245.759)
Fært á bundið eigið fé			338.190	(338.190)		0
Eigið fé 31.12.2019	5.258.600	11.944.335	3.419.841	55.397.520	3.527.207	79.547.503
Árið 2020						
Eigið fé 1.1.2020	5.258.600	11.944.335	3.419.841	55.397.520	3.527.207	79.547.503
Tap ársins				(20.457.796)	(209.221)	(20.667.017)
Hækkun minnihluta					976.184	976.184
Þýðingarmunur ársins			(2.136.467)		(546.851)	(2.683.318)
Fært á bundið eigið fé			(363.048)	363.048		0
Eigið fé 31.12.2020	5.258.600	11.944.335	920.326	35.302.772	3.747.319	57.173.352

* Vísað er til skýringar nr. 15 er varðar skiptingu bundins eigin fjár.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

		2020	2019
	Skýr.		
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	(	20.667.017)	21.903.693
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	6.448.423	5.969.095
Óinnleyst afkoma af markaðsverðbréfum		1.884.960	(225.350)
Sölutap seldra rekstrarfjármuna		2.669	0
Vextir og gengismunur		3.916.694	(154.239)
Áhrif hlutdeildarféлага		232.012	(282.177)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu/skatteign		(4.564.993)	(48.856)
Veltufé (til) frá rekstri		(12.747.252)	27.162.166
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		161.267	301.520
Skammtímakröfur, breyting		2.327.168	(608.686)
Skammtímaskuldir, breyting		(8.834.722)	(2.224.473)
Tekjuskattur til greiðslu, breyting		(5.596.885)	(782.256)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(11.943.172)	(3.313.895)
Handbært fé (til) frá rekstri		(24.690.424)	23.848.271
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	7	(4.170.566)	(1.596.184)
Keypt verðbréf		(8.816.996)	(29.498.636)
Innleyst verðbréf		28.151.933	18.720.593
Arður greiddur frá hlutdeildarfélögum		0	415.829
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		8.448	0
Lán til tengdra aðila	19	0	(312.856)
Kaup á eignarhlut í öðrum félögum		0	(270.758)
		15.172.819	(12.542.012)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		0	(30.000.000)
Afborganir langtímalána	17	(396.929)	(4.580.286)
Ný langtímalán	17	0	42.385.380
		(396.929)	7.805.094
Breyting á handbæru fé		(9.914.534)	19.111.353
Handbært fé í ársbyrjun		25.602.754	6.491.401
Handbært fé í árslok		15.688.220	25.602.754

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Norðurljósaveg 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins hefur að geyma ársreikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald árshlutareikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsvirði.

b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í evrum en stjórn félagsins ákvað að evra sé starfrækslugjaldmiðill félagsins.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðureikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðuársreikningi félagsins.

a. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrur. Gengi evru gagnvart íslenskrí krónu samkvæmt Seðlabanka Íslands er sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Gengi í árslok (EUR gagnvart ISK)	156,10	135,83
Meðalgengi ársins (EUR gagnvart ISK)	154,52	137,30

c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar, frh.:

Fjármálagerningar, sem ekki eru afleiðusamningar, eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhaldi. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, það er á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr samstæðuársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Í skýringu 3 (j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

d. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra.

e. Óefnislegar eignir

Yfirverð myndast vegna fjárfestinga í dóttur- og hlutdeildarfélögum umfram nafnverð. Yfirverð er fært á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Aðrar óefnislegar eignir eru kostnaður vegna uppbyggingar á nýjum baðstað og hóteli í Þjórsárdal.

f. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Lóðir eru ekki afskrifaðar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Baðstaður	33 ár
Aðrar fasteignir	33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	4-7 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

g. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á meðalkostnaðarverði, en framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður til skemmri tíma en þriggja mánaða.

i. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning ef bókfært verð eignar er hærra en nýtingarvirði hennar.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

j. Tekjur

Seldar vörur og veitt þjónusta

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

k. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur eru vaxtatekjur af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

Aðrir fjármagnsliðir samanstanda af markaðsbreytingu verðbréfa og mótteknum arði vegna eignarhluta.

l. Tekjuskattur

Tekjuskattskuldbinding / skatteign samstæðunnar er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi samstæðunnar hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt.

m. Opinberir styrkir

Aðgerðir stjórnvalda til stuðnings fyrirtækjum í COVID-19 gerðu félaginu kleift að halda ráðningarsambandi við stóran hluta starfsmanna. Í skýringu 5 kemur fram að stuðningur stjórnvalda í uppsagnarfresti nam 3,7 millj. EUR, en auk þess fengu 454 starfsmenn laun í gegnum hlutabótaleið stjórnvalda í þrjá mánuði á árinu. Félagið greiddi tekjuskatt vegna hagnaðar af rekstri fyrra árs að fjárhæð 5,7 millj. EUR.

4. Rekstrartekjur

	2020	2019
Spa	14.607.539	64.361.197
Veitingasala	7.389.777	27.667.431
Hótel	4.248.281	15.532.270
Vörusala	4.607.243	12.447.081
Annað	1.985.332	4.842.938
Rekstrartekjur samtals	32.838.172	124.850.917

5. Starfsmannamál

Laun	24.238.021	38.621.073
Tryggingagjald	1.826.842	3.082.318
Lífeyrisðgjöld	3.204.754	5.126.799
Annar starfsmannakostnaður	1.275.187	5.042.954
Stuðningur stjórnvalda í uppsagnarfresti	(3.707.284)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	26.837.520	51.873.144

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf 431 726

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 811 þús. á árinu 2020 (2019: EUR 1.127 þús.)

6. Þóknun endurskoðanda

	2020	2019
Þóknun vegna endurskoðunar	88.919	116.784
Þóknun vegna annarrar þjónustu	20.861	68.940
Þóknun endurskoðanda samtals	109.780	185.724

Skýringar, frh.:

7. Rekstrarfjármunir

	Baðstaður	Aðrar fasteignir og lóðir og lóðir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Heildarverð 1.1.2019	98.525.088	19.792.105	13.717.885	132.035.078
Þýðingarmunur ársins	(	154.218)	(1.628)	(155.846)
Viðbót á árinu	415.247	406.235	774.702	1.596.184
Selt og niðurlagt á árinu	0		(538.168)	(538.168)
Heildarverð 31.12.2019	98.940.335	20.044.122	13.952.791	132.937.248
Heildarverð 1.1.2020	98.940.335	20.044.122	13.952.791	132.937.248
Þýðingarmunur ársins	(	1.051.908)	(10.802)	(1.062.710)
Viðbót á árinu	165.239	2.096.759	1.908.568	4.170.566
Selt og niðurlagt á árinu	(155.995)	(3.221)	(1.767.872)	(1.927.088)
Heildarverð 31.12.2020	98.949.579	21.085.752	14.082.685	134.118.016
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2019	11.215.411	2.754.065	3.613.663	17.583.139
Þýðingarmunur ársins		1.114	141	1.255
Afskrifað á árinu	2.965.173	499.585	2.489.838	5.954.596
Selt og niðurlagt á árinu			(523.669)	(523.669)
Afskrifað 31.12.2019	14.180.584	3.254.764	5.579.973	23.015.321
Afskrifað 1.1.2020	14.180.584	3.254.764	5.579.973	23.015.321
Þýðingarmunur ársins	(	20.606)	(5.267)	(25.873)
Afskrifað á árinu	2.961.232	519.904	2.573.823	6.054.959
Selt og niðurlagt á árinu			(1.413.304)	(1.413.304)
Afskrifað 31.12.2020	17.141.816	3.754.062	6.735.225	27.631.103
Bókfært verð				
31.12.2019	84.759.751	16.789.358	8.372.818	109.921.927
31.12.2020	81.807.764	17.331.690	7.347.460	106.486.913
Afskriftahlutföll	3%	0-3%	15-25%	

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 55,8 millj. í árslok 2020 (2019: 62,5 millj.). Á sama tíma var váttryggingaverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 93,4 millj. (2019 EUR 110,0 millj.) Váttryggingaverðmæti annarra eigna en fasteigna nam EUR 16,1 millj. í árslok (2019: 17,2 millj.) Lausafé og byggingar félagsins eru brunatryggðar hjá váttryggingarfélagi Bláa Lónsins og því hvílir bótaskylda á Náttúruhamfaratryggingum Íslands ef til tjóns vegna náttúruhamfara kæmi.

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi ársins greinast þannig:

Afskrift rekstrarfjármuna	6.054.959
Afskrift niðurlagðra eigna	343.365
Afskrit yfirverðs dótturfélaga	50.099
	<u>6.448.423</u>

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	
	2020	2019
Eldvörp ehf., Grindavík	100%	100%
Hraunsetur ehf., Grindavík	100%	100%
Jarðvangur ehf., Grindavík	100%	100%
Íslenskar Heilsulindir ehf., Grindavík	60%	60%
Rauðukambar ehf., Kópavogi	79%	-
Fannborg ehf., Seltjarnarnesi	69%	-
Blue Lagoon Heilsuvörur ehf., Grindavík	100%	100%
Blue Lagoon USA, Bandaríkjunum	100%	100%
Blue Lagoon NL B.V., Hollandi	100%	100%
Blue Lagoon Journeys ehf., Grindavík	100%	100%
destination blue lagoon ehf., Grindavík	60%	60%
Þjónustumiðstöð Reykjanesvita ehf., Grindavík	80%	80%
Vænting ehf., Kópavogi	100%	100%

9. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og í öðrum félögum

Eignarhlutirnir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Áhrif Hlutdeildarfélaga 2020	Bókfært verð 2020	Bókfært verð 2019
Gufa ehf., Laugarvatni	36,1%	(133.568)	1.179.539	1.507.509
Jarðböðin hf., Mývatni	25,3%	(41.494)	2.358.288	2.838.658
Hreyfing ehf., Reykjavík	22,0%	(56.950)	496.114	634.936
Decideact Aps, Danmörk	-			423.908
Rauðukambar ehf., Kópavogi	-			379.062
		(232.012)	4.033.941	5.784.073

Aðrir eignarhlutar:

Önnur félög, upphaflegt kostnaðarverð (þrjú félög)	225.685	891.918
Bókfært verð í hlutdeildarfélögum og í öðrum félögum samtals	4.259.626	6.675.991

10. Langtímakrafa

Félagið á langtímakröfu á TripCreator ehf. Krafan ber fasta 8% ársvexti. Lánið er til greiðslu með einni afborgun eigi síðar en þann 1. janúar 2024.

11. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullunnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu.

12. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2020	2019
Viðskiptakröfur	442.418	3.345.066
Krafa á tengda aðila	114.874	69.464
Aðrar skammtímakröfur	1.164.912	291.409
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals	1.722.204	3.705.939

13. Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði

Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	756.438	2.779.209
Hlutabréf skráð á NASDAQ First North	1.543.658	0
Skráð skuldabréf	2.280.006	4.574.123
Verðbréfasjóðir	1.841.260	23.794.349
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði samtals	6.421.362	31.147.681

Skýringar, frh.:

14. Hlutfé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess ISK 880,5 milljónir og er hver hlutur ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

15. Eigið fé

Bundnir eiginfjárreikningar greinast þannig:

	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar reikningur	Þýðingar- munur	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	1.314.650	1.863.647	81.451	3.259.748
Þýðingarmunur ársins			(178.099)	(178.099)
Fært af óráðstöfuðu eigin fé		338.190		338.190
Eigið fé 31.12.2019	1.314.650	2.201.837	(96.648)	3.419.841
Eigið fé 1.1.2020	1.314.650	2.201.837	(96.648)	3.419.839
Þýðingarmunur ársins			(2.136.467)	(2.136.467)
Fært á óráðstafað eigið fé		(363.048)		(363.048)
Eigið fé 31.12.2020	1.314.650	1.838.789	(2.233.115)	920.326

16. Tekjuskattsskuldbinding

Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2020	2019
Tekjuskattur til greiðslu	24.850	5.780.078
Breyting á skattskuldbindingu	(4.679.616)	(18.213)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(4.654.766)	5.761.865

Virkt skatthlutfall:

	2020	2019
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(25.321.783)	27.665.558
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0% (5.064.357)	21,9% 5.533.112
Aðrar breytingar	1,6% 409.591	0,9% 228.753
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	18,4% (4.654.766)	22,8% 5.761.865

Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) greinist þannig:

	2020	2019
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.919.980	3.937.045
Yfirtekið við samruna	15.790	0
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(4.654.766)	5.761.865
Tekjuskattur til greiðslu	(24.850)	(5.780.078)
Gengismunur	(5.663)	1.148
(Skatteign) tekjuskattsskuldbinding í árslok	(749.509)	3.919.980

Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) skiptist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir	3.273.065	3.828.091
Birgðir	8.151	50.590
Viðskiptakröfur	(2.985)	30.533
Frestaður gengismunur	(361.855)	40.871
Yfirfæranlegt skattlegt tap	(3.866.593)	(644.961)
Niðurfærsla skatteignar	200.708	614.856
(Skatteign) tekjuskattsskuldbinding í árslok	(749.509)	3.919.980

Skýringar, frh.:

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ársins greinast þannig:

	2020	2019
Skuldir í EUR	80.017.461	80.234.260
Samtals	80.017.461	80.234.260
Á gjalddaga 2020	0	4.922.560
Á gjalddaga 2021	4.600.198	4.601.545
Á gjalddaga 2022	4.369.515	68.590.835
Á gjalddaga 2023	69.193.172	100.125
Á gjalddaga 2024	93.742	100.125
Á gjalddaga 2025	1.760.834	1.919.070
	80.017.461	80.234.260
Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:		
Langtímaskuldir	75.417.263	75.311.697
Næsta árs afborganir	4.600.198	4.922.563
	80.017.461	80.234.260

Til tryggingar skuldum félagsins er lánveitandi þess með veði í fasteignum dótturfélagsins Eldvarpa ehf. að Norðurljósavegi 5, 7, 9 og 10, sem og lóðum, réttindum og rekstri. Fasteignir Eldvarpa ehf. eru bókfærðar á EUR 90,3 millj. Þá er vörumerki félagsins einnig veðsett til tryggingar skuldinni.

Til tryggingar skuld Jarðvangurs ehf. við Reykjanesbæ hefur félagið sett að veði lóðina við Breiðasel 73, Reykjanesbæ.

18. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2020	2019
Viðskiptaskuldir	2.591.777	5.142.832
Launatengd gjöld	1.953.737	4.456.113
Aðrar skammtímaskuldir	385.788	4.406.699
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	4.931.302	14.005.644

19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag og félög undir sömu yfirráðum og Bláa Lónið hf.

Viðskiptastöður við tengda aðila greinast þannig í lok ársins:

	2020	2019
Langtímakröfur á tengda aðila	485.674	842.390
Skammtímakröfur á tengda aðila	114.874	69.464

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

Seldar vörur og þjónusta	66.920	130.727
Keyptar vörur og þjónusta	9.339	135.934

Skýringar, frh.:

20. Önnur mál

- a. Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsubaða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð- og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru EUR 202 þús. á árinu 2020 (2019: EUR 638 þús.).
- b. Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna “Blue Lagoon” og “Bláa Lónið” í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur myndmerki félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið “Blue Lagoon” í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.
- c. Félagið á einkaleyfi samþykkt í Evrópu og Bandaríkjunum á notkun blágrænþörunga í snyrtivörur og lyf (WO2007129331). Einnig á félagið samsvarandi einkaleyfi í Evrópu á notkun kíslar (silica) í snyrtivörur og lyf (WO2007129330A1).

Stjórnarháttaryfirlýsing

Stjórnarhættir Bláa Lónsins hf. eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Löggin eru aðgengileg á vef Alþingis, www.althingi.is og samþykktir félagsins hvoru tveggja á vefsíðu félagsins www.bluelagoon.com/is og hjá fyrirtækjaskrá. Gildandi starfsreglur, sem voru samþykktar af stjórn þann 1. nóvember 2019, eru settar skv. 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög og eru samþykktum félagsins til fyllingar.

Stjórn Bláa Lónsins hf. telur stjórnarhætti félagsins vera í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu 2021, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins og telur stjórn hvergi vera vikið frá þeim. Leiðbeiningarnar má finna á vefsíðunni www.leidbeiningar.is.

Gildandi starfskjarastefna Bláa Lónsins hf. var staðfest á aðalfundi félagsins þann 26. júní 2020, en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda samstæðunnar. Endurskoðuð starfskjarastefna verður lögð fyrir næsta aðalfund félagsins þann 26. mars 2021.

Bláa Lónið hf. hefur í gildi jafnréttisáætlun og er félagið með jafnlaunavottun, sem er unnin eftir jafnlaunastaðli ÍST 85. Þá hefur félagið skýra stefnu og verklag gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Þjálfun, fræðsla og velferð starfsfólks er lykilþáttur í stjórnarháttum Bláa Lónsins hf. Umfangsmikil fræðsluáætlun og sérstakt rafrænt fræðslukerfi gefur öllu starfsfólki jöfn tækifæri til að bæta hæfni sína, auka þekkingu í starfi og styður við stöðugar umbætur í fræðslumálum og starfsþróun hjá félaginu. Fræðsla er til staðar um viðbrögð við mútum og spillingu. Skýr persónuverndarstefna og vefkökustefna hefur verið innleidd og fræðsluferni gefið út til starfsmanna um meðhöndlun persónuupplýsinga. Bláa Lónið leggur ríka áherslu á heilsusamlegar og öruggar vinnuáðstæður starfsfólks.

Af hálfu Bláa Lónsins hf. er unnið að innleiðingu á nýju stjórnkerfi fyrir félagið sem verði gæðavottað, umhverfisvottað, heilsu- og öryggisvottað, með áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Stefnt er að vottun hins nýja stjórnkerfis verði lokið í júní 2021, en þær vottanir fela í sér ISO 9001 gæðastaðalinn, ISO 14001 umhverfisstaðalinn og ISO 45001 heilsu- og öryggisstaðalinn.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess, sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Hluthafafundur er jafnframt vettvangur samskipta á milli hluthafa og stjórnar félagsins. Hlutaþríf félagsins eru rafræn og skráð hjá Nasdaq verðbréfamiddstöð, sem jafnframt hýsir hlutaskrána. Hlutaskráin er aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins. Fundargerðir hluthafafunda eru aðgengilegar hluthöfum hjá félaginu til samræmis við ákvæði 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Stjórn Bláa Lónsins hf. skal samkvæmt samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Aðalmenn í stjórn félagsins eru: **Helgi Magnússon**, stjórnarformaður, fæddur 1949, viðskiptafræðingur og endurskoðandi; **Ágústa Johnson**, meðstjórnandi, fædd 1963, íþrótt- og tómstundafræðingur, PMD í stjórnun; **Sigríður Margrét Oddsdóttir**, fædd 1976, B.Sc. í rekstrarfræðum; **Ragnar Guðmundsson**, meðstjórnandi, fæddur 1982, lögmaður, MBA í viðskiptafræði og **Steinar Helgason**, meðstjórnandi, fæddur 1969, viðskiptafræðingur. Varamenn í stjórn eru: **Anna G. Sverrisdóttir**, fædd 1950, rekstrarfræðingur og **Úlfar Steindórsson**, fæddur 1956, viðskiptafræðingur, MBA. Stjórn félagsins fundar að jafnaði mánaðarlega.

Félagið hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika í tengslum við skipan stjórnar, framkvæmdastjórnar eða æðstu stjórnenda, umfram það sem mælt er fyrir um í lögum og í samþykktum félagsins um sem jafnast hlutfall beggja kynja í stjórn þess. Félagið hefur búið að því í framkvæmd um langt árabil að stjórnendur þess hafa verið jafnt af báðum kynjum, á breiðu aldursbili og haft fjölbættan bakgrunn menntunar og reynslu.

Grímur Sæmundsen, stofnandi Bláa Lónsins hf., hefur verið forstjóri félagsins frá upphafi. Grímur er fæddur 1955, læknir að mennt. Ásamt Grími eru æðsta stjórn daglegs rekstrar félagsins í höndum **Helgu Árnadóttur**, fæddar 1971, Cand Oecon í viðskiptafræði og MS í fjármálum sem stýrir sölu- og markaðsmálum; **Más Mássonar**, fædd 1971, BS í alþjóðaviðskiptum og MS í viðskiptum sem stýrir rekstri og **Póreyjar G. Guðmundsdóttir**, fæddar 1969, Cand Oecon í viðskiptafræði, sem stýrir fjármálum.

Stjórnarmenn, forstjóri og æðstu stjórnendur hafa lagt fram persónulegar upplýsingar, svo sem um trúnaðarstörf fyrir aðra aðila, stjórnarsetu í öðrum félögum og möguleg hagsmunatengsl til að auðvelda mat á hæfi þeirra. Margrét Sigríður Oddsdóttir, Ragnar Guðmundsson og Steinar Helgason teljast vera félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum þess óháður, en aðrir stjórnarmenn eiga hluti í félaginu með beinum eða óbeinum hætti, líkt og á við um forstjóra og aðra æðstu stjórnendur félagsins.

Ekki er starfrækt sérstök tilnefningarnefnd í félaginu og þá ekki heldur sérstakar undirnefndir stjórnar .

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Bláa Lónsins hf . eftir bestu vitund . Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samfélagsábyrgð er ríkur þáttur í starfsemi Bláa Lónsins

Bláa Lónið hf. greinir stöðugt samfélagsábyrgð sína með áherslu á umhverfismál og samfélag. Fyrirtækið vinnur að stöðugum umbótum í þessum málaflokkum bæði innan og utan veggja fyrirtækisins til að bæta sjálfbærni í rekstri í sátt við samfélagið.

Árið 2020 var stofnuð sérstök nefnd um samfélagsábyrgð til að auka þekkingu og skilning innan húss á málefnum samfélagsábyrgðar fyrirtækisins. Nefndin ýtti undir fjölda umbótaverkefna í samfélagsábyrgð eins og útgáfu samfélagsskýrslu fyrirtækisins í samræmi við GRI staðla og frekari greiningu á heimsmarkmiðunum.

Rekstur Bláa Lónsins hefur verið vottaður af Vakanum síðan 2015 og árið 2019 var vottunin útvíkuð með gullmerki í umhverfismálum, 5-stjörnu superior vottun á Retreat Hotel og 4-stjörnu superior vottun á Silica Hotel. Bláa Lónið Heilsuvörur ehf. (BLH) hefur haldið ISO 9001 vottun síðan 2017 og árið 2020 voru hrávörur þeirra einnig vottaðar sem COSMOS APPROVED og 3 vörur fengu COSMOS NATURAL vottun. Rekstur BLH fór einnig í gegnum GMP (Good Manufacturing Practice) og vottun lauk í upphafi árs 2021.

Bláa Lónið hefur sett sér jafnréttisáætlun og skýra stefnu og verklag gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Fræðsla um viðbrögð við mútum og spillingu hefur einnig verið bætt inn í rafrænt fræðsluefni fyrirtækisins. Persónuverndarstefna og vefkökustefna er til staðar í rekstri til að tryggja rétta meðhöndlun persónurekjanlegra gagna og fræðsluefni til starfsmanna um slíka meðhöndlun gefið út.

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins byggir á gildum þess: „We Care, We Respect, We Bring Joy og We Create Memories“. Gildin eru samofin menningu fyrirtækisins og rekstri þess þvert á deildir, ásamt því að falla fullkomlega að meginstöðum samfélagsábyrgðar: fjárhags-, umhverfis- og samfélagsleg áhrif. Við stefnum að því að vera góð fyrirmynd annarra í þessu ferðalagi að stöðugt aukinni sjálfbærni.

Umhverfismál

Umhverfisstefna Bláa Lónsins

Sjálfbær tengsl manns og náttúru er undirstaðan að hugmyndafræði Bláa Lónsins og knúin áfram af kjörorðunum: Samfélag án sóunar. Út frá því hafa fjöldinn allur af umbótaverkefnum sprottið sem ýta undir samfélagslegan vöxt í sátt við náttúruna í eftirfarandi flokkum; Sjálfbær upplifun, kolefnishlutlaus upplifun og plastlaus upplifun. Við uppfyllum ávallt lagalegar kröfur og vinnum að stöðugum umbótum.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Bláa Lónið vinnur stöðugt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sínum rekstri. Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins, þar á meðal raforku, hita, rútuferðir starfsfólks, Destination Blue Lagoon, flugferða starfsfólks og losun tengd meðhöndlun úrgangs eru tekin með í losunarbókhald fyrirtækisins. Samdráttur í losun má fyrst og fremst rekja til rekstrarfyrirkomulags og lokana árið 2020.

	2020	2019	2018
Umfang 1	494	1085	857
Umfang 2	41	341	317
Umfang 3	248	363	348
Losun á gest - kg CO ₂ eq	2,3	1,6	0,94
Kolefnisjöfnun	783	1.790	
Fjöldi plantaðra trjáa	7.830	17.900	
tonn CO ₂ eq			

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Raforkunotkun

Dregið var töluvert úr raforkunotkun árið 2020 samanborið við fyrri ár eða um þriðjung miðað við síðasta ár. Þessa lækkun má rekja til samdráttar í rekstri vegna COVID-19. Raforkunotkun á hvern gest hækkar á móti töluvert því byggingar og búnaður þarf ávallt að vera rekinn á lágmarks raforku þó enginn gestur sé í húsi.

	2020	2019	2018
Rafmagn	4.163.432	6.258.751	6.058.225
Rafmagn á gest	17,72	7,17	4,84
kWh			

Vatnsnotkun

Árið 2020 varð samdráttur í notkun á köldu og heitu vatni og jarðsjó í rekstri Bláa Lónsins samhlíða fækkun gesta. Lækkunin er þó hlutfallslega misjöfn eftir grunnþörfum bygginga og kerfa. Til að mynda eykst heitt vatn á gest mest, þar sem kynda þarf líka tómar byggingar.

	2020	2019	2018
Heitt vatn	280.492	367.143	334.405
Heitt vatn á gest	1,19	0,42	0,27
Kalt vatn	122.933	259.210	229.101
Kalt vatn á gest	0,52	0,30	0,18
Jarðsjór	2.194.837	3.020.081	2.937.515
m3			

Auðlindir og úrgangsmál

Þrátt fyrir erfitt rekstrarár var áfram unnið í að bæta úrgangsmál fyrirtækisins, með áherslu á að draga úr magni úrgangs og að auka endurvinnslu í rekstri. Heildarmagn úrgangs dróst saman eins og gefur að skilja og hlutfall endurunns úrgangs gerði það líka. Þar vegur þýngst að magn lífræns úrgangs dróst töluvert saman í samanburði við almennan úrgang. Framkvæmdir á svæðinu hafa líka skilað hlutfallslega meira af almennu sorpi en rekstaraðstæður gera. Breytingar í rekstri munu þó skila betri útkomu eftir COVID-19. Samdráttur í prentun pappírs og kvittana samræmist rekstrarástandinu en þar hefur einnig áframhaldandi umbætur í stafrænum lausnum mikið að segja.

	2020	2019	2018
Prentpappír (A4)	103.000	274.857	319.500
Kvittanir (rúllur)	1.070	5.905	8.305
Heildarúrgangur (tonn)	222	347	674
Endurvinnsluhlutfall	29%	36%	38%

Sjálfbærni í rekstri

Bláa Lónið starfar innan Reykjanæs UNESCO Global Geopark og er hluti af Auðlindagarðinum sem varð til í kringum nýtingu jarðhitasvæða á Reykjanæsi. Bláa Lónið nýtir jarðsjó, gufu, gas, raforku, heitt og kalt vatn frá HS Orku í Svartsengi og er einstakt dæmi um fjölnýtingu og fullnýtingu auðlindastrauma frá jarðvarmavirkjun. Þannig skapar fyrirtækið verðmæti úr náttúruauðlindum í einstakar upplifanir og hágæða vörur.

Samfélagsmál

Starfsfólk Bláa Lónsins er dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Bláa Lónið vinnur hart að því að tryggja jafnrétti meðal starfsmanna sinna og hefur markað sér jafnréttisáætlun með það að markmiði að hver starfsmaður sé metin á eigin forsendum óháð kyni, kynþætti eða öðrum órókstuddum viðmiðum. Konur jafnt sem karlar hafa aðgang að lausum störfum hjá fyrirtækinu og hafa jafna möguleika á stjórnunarstörfum. Eins er lögð áhersla á að allir starfsmenn hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og starfsþróun.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Launajafnræði kynjanna

Bláa Lónið hlaut Jafnlaunavottun, sem er unnin eftir jafnlaunastaðli ÍST 85, árið 2018.


Það er fyrirtækinu afar mikilvægt að samræmi sé þvert á svið og deildir þegar kemur að launa- og kjaraákvörðunum og að konur og karlar fái sömu laun, kjör og réttindi fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Bláa Lónið fór í viðhaldsútekt á jafnlaunakerfinu í upphafi árs 2021 fyrir rekstrarárið 2020 og stóðst hana með mikilli þrýði. Kynbundinn launamunur mældist undir vikmörkum eða 1,70%. Árið 2020 var starfshópum fækkað um helming samanborið við fyrri ár til að gefa áreiðanlegri samanburð á launamun kynjanna innan fyrirtækisins.

	2020	2019	2018
Launamunur kynjanna	1,70%	1,47%	0,76%
Skýringarhlutfall	94,9%	94,2%	95%

Kynjaskipting

Bláa Lónið leggur áherslu á jafnræði og fjölbreytni í öllum starfaflokkum fyrirtækisins.



Samfélagið

Bláa Lónið styður við samfélagið með því að styrkja mörg fjölbreytt verkefni sem snúa að bættri vellíðan, íþróttaiðkun, menningartengdum viðburðum og verndun náttúrunnar. Á árinu 2020 veitti Bláa Lónið 72.250.000 kr. í styrki til samfélagsins. Fyrirtækið hefur einnig til marga ára boðið upp á lækningameðferð við sóriasis, meðferðargestum og ríkinu að kostnaðarlausu. Árið 2020 voru framkvæmdar kannanir á meðal gesta til að bæta þjónustu og upplifun þeirra og fá ábendingar um hvernig fyrirtækið gæti bætt samfélagsábyrgð sína. Á árinu hefur fyrirtækið verið að meta hvaða heimsmarkmið það ætti að vera leggja áherslu á næstu 10 árin. Þá tók fyrirtækið einnig þátt í sameiginlegri vinnustofu með fulltrúum samfélagsins og fyrirtækja á Reykjanesi til að ræða hvaða heimsmarkmið það ætti að leggja mesta áherslu á næstu árum. Greining á þessu mun liggja fyrir árið 2021.

Mannauður

Þjálfun og fræðsla starfsfólks er lykilþáttur í velgengni Bláa Lónsins. Skýr fræðsluáætlun gefur öllu starfsfólki jöfn tækifæri til að bæta hæfni sína og auka þekkingu í starfi. Rafrænt fræðslukerfi, Eloomi, eykur sveigjanleika og aðgengi starfsfólks að ítarlegri fræðsluefni og styður við stöðugar umbætur í fræðslumálum og starfsþróun. Bláa Lónið leggur ríka áherslu á heilsusamlegar og öruggar vinnuáðstæður sinna starfsmanna. Öryggisnefnd innan fyrirtækisins vinnur stöðugt að því að tryggja heilsu og öryggi alls starfsfólks. Því er fylgt eftir með atvikaskráningakerfi, viðhaldskerfi, öryggisvaktstöð og útkallskerfi í neyðartilfellum. Atvik sem koma upp eru rýnd reglulega og viðeigandi breytingar settar í ferli til að lágmarka áhættu og tryggja að sambærileg atvik endurtaki sig ekki.